

Atli Harðarson

Inn við beinið – Um sjálf og sjálfsþekkingu

1. Er sjálfið til?

Sjálfsþekking hefur löngum þótt aðalsmerki viturra manna. En um hvað fjallar þessi þekking? Í sálfræði og menntunarfræði er nú um stundir mikið fjallað um sjálfsmynd manna og sjálfsmat. En hvaða hliðar mannlífsins speglar sjálfsmyndin og hvaða þætti tilveru sinnar metur maður með sjálfsmati?

Kenningum um sjálfið sem hafa verið ofarlega á baugi meðal menntunarfræðinga og sálfræðinga síðustu ár eru gerð afar góð skil í nýlegri bók eftir Kristján Kristjánsson (2010) sem heitir *The Self and Its Emotions*. Ég hef engu við umfjöllun hans um þessar kenningar að bæta. Viðfangsefni mitt er aðeins að skýra hvernig ég tel réttast að skilja hugtakið *sjálf* og hvað af þessum skilningi leiðir um eðli sjálfsþekkingar. Niðurstöður mínar um innihald hugtaksins draga dóm af útlitun Kristjáns en eru studdar öðrum rökum en hann tilgreinir.

Orðið *sjálf* er margrætt og notað á ólíka vegu rétt eins og samsvarandi orð í ensku og fleiri málum. Í því sem hér fer á eftir nota ég orðið í sömu merkingu og orðasamböndin *innst inni* og *inn við beinið* hafa í hversdagslegu máli þegar við segjum eitthvað á borð við: „Þótt hann hafi mannað sig upp í að mótmæla þessu er hann óttaleg skræfa *inn við beinið*.“ eða „Þótt hún hafi neitað að tala við þig vonaði hún *innst inni* að þið munduð sættast.“

Þessi orðasambönd vísa til eiginleika manns sem eru taldir tilheyra honum sjálfum með sérlega afgerandi hætti. Þau eru, líkt og orðið *innræti*, oft notuð til að leggja siðferðilegt mat á fólk, enda er jafnan gert ráð fyrir að einstaklingur beri því meiri ábyrgð á athöfn því betur sem hún vitnar um hvernig hann er *inn við beinið* eða *innst inni*.

Það kann að vera dálítið villandi að spyrja hvort sjálf í þessum skilningi sé til því einhverjum kann að detta í hug að spurningin snúist um hvort fólk hafi, til viðbótar við hjarta og lifur og aðra parta, eitthvað sem heitir sjálf.

Þegar um er að ræða hluti sem er hvorki hægt að sjá né snerta eru spurningar um tilvist stundum ansi snúnar. Ég býst t.d. við að margir hiki ef þeir eru spurðir hvort orð eins og

myntkarfa, stúdentspróf og umferðarpungi merki eitthvað sem er til í raun og veru – enda virðist það skelfilegur orðhengilsháttur að fjasa um hvort til viðbótar við bílana á vegunum sé til eitthvað sem heitir *umferðarpungi*. Orðið nýtist til að tjá sannindi um umferðina og vegakerfið og þess vegna, og eingöngu þess vegna, finnst okkur ástæðulaust að setja þá, sem tala eins og umferðarpungi sé til, í flokk með þeim sem halda t.d. að draugar og tröll séu til. Ætli þetta sé ekki svipað með sjálfið. Ef hugtakið gagnast til að henda reiður á einhverjum sannindum um mannfólkið þá er sjálfið líklega ekkert síður til en umferðarpunginn.

*

Þegar rætt er um það á heimspekilegum nótum hvort hlutir af einhverju tagi séu til er hughyggju og hluthyggju stundum stillt upp sem andstæðum.

Hughyggja er kenning um að tilvera hluta sé undir því komin að þeir séu þekktir, skynjaðir eða viðfang hugsunar. Hughyggjumaður um viðfangsefni stærðfræðinnar álitur t.d. að tölur séu þá aðeins til að einhver hugsi um þær og ef til er maður sem aðhyllist í raun og veru hughyggju um efnishluti telur hann að tunglið sé ekki til nema einhver skynji það eða viti af því. Hluthyggjumenn um þessi efni telja hins vegar að tölurnar og tunglið eigi sér tilveru sem er óháð því hvað er skynjað, hugsað og haldið.

En hvað með sálarlífsfyrirbæri eins og tilfinningar og hugsanir? Getur verið einhver munur á því hvað hughyggjumenn og hluthyggjumenn halda um slík fyrirbæri þegar hvorir tveggju eru sammála um að hugsanir séu ekki til nema einhver hugsi þær og tilfinningar ekki nema einhver finni þær? Getur verið að um þessi efni sé ekki hægt að gera greinarmun á hughyggju og hluthyggju? Hér er komið út á ansi hálan ís.

Einn mismunur á hughyggju og hluthyggju liggur í ólíkri greinargerð fyrir því óþekkta. Ef stærðfræðingar standa frammi fyrir tilgátu sem þeir vita ekki hvort er sönn eða ósönn lítur hluthyggjumaður um stærðfræði svo á að hún sé annað hvort sönn eða ósönn og verkefnið sé að finna hvort hún er – sannleikurinn sé til og bíði eftir að verða uppgötvaður. Hughyggjumaðurinn á ekki kost á svo einföldu svári. Í hans augum er sannleikurinn um tölur ekki óháður því hvað er hugsað um þær svo hann er vís til að halda að verkefni stærðfræðinganna sé ekki að finna sannleikann heldur að skapa hann. Vandamál hughyggjumannsins er þá að skýra hvers vegna það er svo erfitt sem raun ber vitni að komast að sannleikanum – hvers vegna menn geta ekki bara skáldað hann á hvern þann veg sem þeir vilja. Reynt hefur verið að leysa þennan vanda með því að segja eitthvað á þá leið að ný sannindi verði að sam-

rýmast þeim sem þekkt eru fyrir og það sé ærið vandasamt að láta kerfi flókinna hugsana vera sjálfu sér samkvæmt.

Í ljósi þessa er ef til vill hægt að gera greinarmun á hughyggju og hluthyggju um sum sálarlífsfyrirbæri, eins og t.d. geðshræringar, með því að segja að hluthyggjumaður geri ráð fyrir að sannindi um þau geti verið óþekkt og það sé hægt að uppgötva þau en hughyggjumaður álíti að þau hafi engin einkenni önnur en þau sem menn gera sér grein fyrir. Að vísu hafa flestir hughyggjumenn einhverjar hliðarkenningar sem skýra hvernig vanþekking er möguleg. Það ætti því kannski að kalla þá skoðun að fyrirbæri geti ekki haft óþekkt eiginleika einfalda hughyggju, fremur en að eigna hana öllum hughyggjumönnum án fyrirvara. En hvað sem því líður á hluthyggjumaður mun auðveldara með það en hughyggjumaður að skýra hvernig mönnum getur skjátlást um efni eins og sínar eigin geðshræringar.

Sé einhver í vafa um hvort það sem hrærist í hug hans er ótti eða virðing, afbrýðisemi eða skömm þá getur hluthyggjumaður sagt að hann skorti þekkingu á einhverjum raunveruleika en hughyggjumaður mundi fremur líta á það sem verkefni að skapa sér sannleika um þetta efni eða móta geðshræringarnar svo þær verði eitthvað ákveðið.

Spurningar um hvort hægt sé að gera greinarmun á hughyggju og hluthyggju um sjálfið og hvor kenningin er réttari, ef á annað borð er hægt að greina á milli þeirra, snúast líklega, þegar öllu er á botninn hvolft, einkum um hvernig rétt sé að gera grein fyrir vanþekkingu manna um sitt eigið sjálf.

*

Ef til vill skilja flestir spurningu um hvort sjálfið sé til í raun og veru sem spurningu um hvort einhvers konar hughyggja sé rétt kenning um tilveru þess, enda er sú hugsun áleitin að hughyggja um fyrirbæri feli í sér að þau séu ekki fyllilega raunveruleg. En spurningin þarf ekki að hafa þessa merkingu. Við getum líka spurt hvort sjálfið sé yfirleitt til með nokkrum hætti eða hvort hughyggjumenn og hluthyggjumenn ættu að sameinast um að telja allt tal þar um hrein og klár ósannindi. Eru orðasambönd eins og *inn við beinið* og *innst inni* yfirleitt notuð til að tjá einhvern sannleika?

Ég sé tvenns konar ástæður til að efast um það. Önnur er að tal um hvernig menn eru innst inni er oft innantómt kurteisishjal sem haft er uppi til að forðast árekstra í samskiptum. Þurfi að kvarta undan framkomu manns er því gjarna hnýtt aftan við að hann sé samt vænsti maður inn við beinið. Með þessu verður ásökunin mildari og minni líkur á að af henni hljótist alvarlegt ósætti. Þörfin til að taka broddinn úr klögumálum kann að skýra útbreidda notkun

orðsambanda eins og *innst inni* og *inn við beinið*. Þessi skýring gefur ekki tilefni til að ætla að orðalagið vísi á einhvern greinarmun sem er til í veruleikanum.

Hin ástæðan til að efast um að til sé sannleikur um hvernig menn eru inn við beinið er að tal þar um er alloft notað til að viðhalda blekkingum fremur en að auka skilning og þekkingu. Ef við viljum telja einhvern góðan lítum við svo á að einungis það góða sem hann gerir vitni um hvernig hann er inn við beinið. Sé hins vegar bent á að einhver sem okkur er illa við geri ýmislegt gott þá teljum við þetta bara sýndarmennsku hjá honum því hann sé slæmur inn við beinið. Greinarmunurinn hjálpar okkur þannig að komast hjá því að viðurkenna að óvinir okkar eigi ýmislegt gott til og að vinir okkar séu ekki eins frábærir og við viljum vera láta – hann er með öðrum orðum notaður til að einfalda litróf mannlífsins, jafnvel til að sjá það allt í svörtu og hvítu.

Þessar tvenns konar ástæður til að efast um að til sé sannleikur um hvernig menn eru inn við beinið gefa ekki tilefni til neinna efasemda um að til séu sálfræðileg eða siðfræðileg sannindi um hvernig fólk er. Þetta eru aðeins efasemdir um að tiltekin gerð af flokkun þessara sanninda í djúpstæð og yfirborðsleg sé réttmæt eða skynsamleg.

Ástæðurnar sem ég tilgreindi fyrir þessum efasemdum sanna svo sem ekkert af eða á um tilveru sjálfsins. Að orðalag sé stundum tómt kurteisishjal og stundum notað til að blekkja sjálfan sig og aðra útilokar ekki að það sé stundum notað til að tjá einhver sannindi. En þessar ástæður sýna þó með nokkuð óbyggjandi hætti að orðalag eins og *innst inni* og *inn við beinið* getur haft hlutverk í málinu án þess að vísa á neinn veruleika eða tjá nein sannindi.


Eigum við að láta hér staðar numið og ákveða að þótt tal um sjálfið eða það hvernig fólk er inn við beinið gegni vissulega einhverjum hlutverkum tjái það líklega engin sannindi? Ég held ekki en það er ekki tímabært að svara þessum efasemdum alveg strax. Ég kem að þeim aftur í lok 3. kafla þar sem ég rökstyð að ef tal um sjálfið væri eintómt kurteisishjal eða leið til að sjá heiminn í svarthvítu þá hefðum við um það frjálsara val, en við höfum í raun, hvernig við flokkum athafnir manna í þær sem vitna um hvernig þeir eru innst inni annars vegar og þær sem gera það ekki hins vegar.

En hvers konar sannindi geta það verið sem eru tjáð með tali um hvernig fólk er inn við beinið? Um hvað skyldu þau fjalla?

Til að átta okkur á mögulegum svörum er ef til vill heppilegt að skipta huganum með svipuðum hætti og Artistóteles gerði í bók sinni *Um sálina*. Hann talaði um þrens konar hæfileika sálarinnar og sagði að hæfileiki til að nærast væri sameiginlegur jurtum og dýrum.

Skyngjun og hvatir taldi hann hæfileika sem sálir allra dýra byggju yfir en jurtirnar væru án. Þriðju gerðina af hæfileikum, þ.e. hugsun og skynsemi, taldi hann sérstaka fyrir manninn. (Aristóteles 1985, bls. 114–15 [II:3]). Í þessu samhengi skipta smáatriðin í kenningu Aristótelesar ekki máli og við getum eins notað nýrri kenningar um hvað er sérstakt við mannshugann og hvað hann á sameiginlegt með öðrum dýrum. Slíka kenningu má t.d. finna í vinsælum bókum eftir Antonio Damasio þar sem hann segir frá rannsóknum sínum á miðtaugakerfinu (Damasio 1999, bls. 172–6).

Á myndinni sem hér fer á eftir er dregin upp ein möguleg svona skipting og sjálfið staðsett á fjóra mismunandi vegu. Þótt hugmyndin um þessa skiptingu sé sótt til Damasio og Aristótelesar er hún mín eigin einföldun á því sem þeir segja í löngu máli. Innst er sá hluti sem er sameiginlegur stórum hluta lífríkisins, næst sá sem er sameiginlegur mönnum og skyldum dýrum og svo sá sem er sérstakur fyrir mennina. Sérmanlegi hlutinn felur í sér mál og hæfileika til að hugsa í orðum og hann er tengdur við heim hugmynda og menningar sem er miðlað í orðum, myndum, hátterni og leikjum, kenndur í skólum, prentaður í bækur, geymdur á vefsíðum, brenndur á diska o.s.frv. Þessi hugmyndaheimur er táknaður með hring upp af mannshöfðinu.



Hvar á að staðsetja sjálfið? Er það í hugsun mannsins (1), í hugsun og heimi hugmynda og menningar (2), í fleiri hlutum sálarinnar en þeim sérmanlega sem býr yfir máli og hugsun (3) eða bæði þar og í heimi hugmynda og menningar (4)?

2. Sjálfið sem hugarburður

Stór hluti af heimspekilegum skrifum um sjálfið gerir ráð fyrir að það sé aðeins til sem hugarburður, sjálf manns sé aðeins sjálfsmynd hans eða það sem hann sjálfur heldur um sig. Kristján Kristjánsson (2010, bls. 18–19) segir að hugmyndir í þessa veru séu ríkjandi í fræðilegri umræðu um sjálfið.

Þeir sem álíta að sannleikurinn um sjálf manns snúist aðeins um hvað hann álítur, heldur, telur eða hugsar um sjálfan sig staðsetja sjálfið eins og gert er á mynd 1 eða 2. Í þessum flokki eru allmargir heimspekingar sem hafa orðið fyrir áhrifum af kenningum Georgs Hegel, t.d. Englendingurinn Michael Oakeshott og Kanadamaðurinn Charles Taylor. Eins og ég hef þegar skýrt er ekki augljóst að allar svona kenningar séu eiginlegar hughyggjukenningar, þótt sumir talsmenn þeirra, eins og Oakeshott, séu vissulega hallir undir hughyggju í anda Hegels.

Í grein frá árinu 1972 sem heitir „Education: The Engagement and its Frustration“ orðar Oakeshott (1989, bls. 64) þetta svo að manneskjur séu það sem þeim sjálfum skilst að þær séu, þær séu algerlega myndaðar af því sem þær trúá um sjálfar sig og þann heim sem þær byggja.

Í frægri bók sem út kom árið 1989 og heitir *Sources of the Self: The Making of the Modern Identity* lýsir Taylor því hvernig sjálfsmynd Vesturlandabúa er afsprengi hugmyndasögunnar og fjallar um sjálf okkar eins og það sé myndað úr skoðunum, hugmyndum og kenningum sem mótast hafa í aldanna rás. Þótt sjálfið sem Taylor lýsir sé ekki ofið úr öðru efni en hugsunum er samt langt frá því að hann telji einstaklinga geta mótað sjálf sitt að geðþótta. Hafi Taylor lög að mæla erum við inn við beinið afsprengi langrar sögu kristindóms, upplýsingar, rómantíkur, móðernisma og alls konar umbrota í hugmyndaheiminum. Sjálfið sem hann lýsir er því fremur staðsett eins og á mynd 2 en eins og á mynd 1 því hann gerir ráð fyrir að hugmyndir, sem eiga sér tilveru óháð einstaklingnum, séu hluti af sjálfi hans.

Það gildir um þá báða, Oakeshott og Taylor, að þótt þeir álíti sannleikann um hvernig við erum inn við beinið snúast um hvernig við hugsum telja þeir að hann sé ekki bara um hvernig við kjósum að hugsa þá stundina heldur a.m.k. öðrum þræði um hvernig okkur er óhjákvæmilegt að hugsa.

Þeir álíta að vísu að hugmyndirnar sem mynda sjálfið breytist með breyttum tíðaranda. En þeir virðast samt báðir telja að menn hljóti að hafa skoðanir sem mynda einhvers konar kjarna eða sjálf sem er lítt breytilegt frá degi til dags.

Sumir aðrir sem staðsetja sjálfið eins og á mynd 1 eða 2 gera hins vegar ráð fyrir að það sé heldur ístöðulaust. Þannig áleit Bandaríkjamaðurinn Richard Rorty t.d. að einstaklingur væri fær um að valda róttækum breytingum á sínu eigin sjálfi með því einu að orða ævisögu sína upp á nýtt (Jopling, 2000, bls. 133–4). Önnur athyglisverð kenning um ístöðulaust sjálf er sett fram og skýrð í bókinni *The Saturated Self: Dilemmas of Identity in Contemporary Life* eftir landa Rortys, sálfræðinginn Kenneth J. Gergen.

Í þessari bók, sem kom fyrst út árið 1991 og var endurútgefin árið 2000, segir Gergen að tvenns konar orðaforði um sjálfið hafi mótað hugmyndir manna á 20. öld. Önnur gerðin, sem rekja má til rómantísku stefunnar, eignar hverjum einstaklingi djúpar tilfinningar, sköpunargáfu og siðferðilegan styrk. Hin gerðin er, eftir því sem Gergen segir, afsprengi módernismans sem leggur áherslu á skynsemi, meðvitaðar skoðanir, heiðarleika og reglusemi. Þessar tvenns konar hugmyndir um sjálfið segir hann að séu nú á undanhaldi, einkum vegna félagslegrar mettnar („social saturation“) sem er í því fólgin að fyrir tilstilli nútímasamskiptatækni sé hugur einstaklingsins fullur af ósamstæðum og ósamhljóða röddum alls mannkyns sem fá hann til að leika svo mörg og sundurleit hlutverk að hann hættir að vera sjálf með þekktanleg einkenni. Gergen orðar þetta svo að þegar sjálfið mettast hætti það að vera eiginlegt sjálf (Gergen 2000, bls. 6–7).

Hann skýrir þessa meginkenningu sína á nokkrum stöðum í bókinni og segir m.a. að eftir því sem leið á 20. öldina hafi röddum í huga hvers einstaklings fjölgað (Gergen, 2000, bls. 71). Afleiðing þessa er að mati Gergens (2000, bls. 80 og bls. 225) að menn geta ekki lengur haldið sig við neinn einn sjálfskilning og þar með ekki heldur haft sjálf í skilningi rómantíkurinnar eða módernismans – möguleikinn á að vera eitthvað ákveðið af fullri einlægni verði því fjarlægur.

Lýsingar Gergens á breyttu menningarástandi eru á köflum nokkuð ýkjukennndar og hann blandar saman við þær góðum skammti af pósmódernískum ólíkindalátum. Meðal annars heldur hann því fram að ást foreldra á börnum sínum og sorg ef þau deyja séu afsprengi hugsunarháttar sem á sér skamma sögu; að hlutlægur sannleikur og skynsemi séu með einhverjum hætti úr sögunni; hugtökin satt og ósatt eigi ekki lengur við né heldur greinarmunurinn á hugsun og veruleika (Gergen 2000, bls. 12–13, bls. 89–94, bls. 101–103, bls. 187). Sumt af þessu dregur hann svo að einhverju leyti til baka undir lok bókarinnar þar sem hann viðurkennir að þessi póstmóderníski æringjaháttur geti ekki þrifist nema sem andóf og þurfi því að hafa einhverja trú á skynsemi og sannleika til að hrópa gegn (Gergen 2000, bls. 194 og bls. 247).

Þar sem Gergen álitur að sjálfið sé ekkert nema sjálfsmynd sem breytist auðveldlega fyrir áhrif frá fjölmiðlum og kynnum af ólíku fólki telur hann að hvernig fólk er inn við beinið sé allt á hverfanda hveli nú um stundir. Hann skýrir þó ekki hvers vegna fólk sem þekkir til margs konar menningar, hefur til dæmis víða farið eða margt lesið, virðist ekki síður hafa stöðugt sjálf en þeir sem eru heimaaldir að öllu leyti. Að mínu viti er kenning hans því ekki

mjög sennileg. Hann skýrir heldur ekki hvers vegna eru fleiri og sundurleitari raddir í hug nútímamanna sem fylgjast með öllum margmiðlunarsirkusnum heldur en menntamanna á fyrri tíð sem lásu bæði Biblíuna og Hómerskviður. Er það sem hæst lætur nú um stundir ekki fábreyttara og fátækara að ólíkum röddum en þessi fornu rit?

Höfundar eins og Oakeshott og Taylor sem gera ráð fyrir að sálarskipið hafi kjölfestu úr efnismeiri hugmyndasögu en fjölmiðlafröðu síðustu ára hljóta að vefengja margt af því sem Gergen segir um þessar hröðu og miklu breytingar en taka þó undir að sjálfið sé afsprengi sögu og siðar.

En hversu trúlegt er þetta? Hversu sennilegt er að sjálfið sé aðeins myndað úr skoðunum, hugmyndum og þekkingu og breyttar hugmyndir dugi einar sér til að breyta því hvernig við erum inn við beinið?

Ef við höldum okkur við sjálfshugtak sem samsvarar nokkurn veginn notkun orðanna *innst inni* og *inn við beinið* í daglegu máli held ég að kenning af því tagi sem Gergen heldur fram í ýktri mynd, og finna má í hófsamari gerð hjá Oakeshott og Taylor, gangi ekki upp. Ef þessi orðasambönd tjá einhvern sannleika um mannlífið þá getur hann ekki snúist um það eitt hvað fólk heldur eða hvaða skoðanir og hugmyndir það hefur um sjálft sig. Til að rökstyðja þetta ætla ég að rifja upp senu úr kvikmyndinni *Tillsammans* eftir Svíann Lukas Moodyson.

3. Sjálfið sem veruleiki

Tillsammans, sem var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2000, segir frá lífinu í sænskri hippakommúnu árið 1975. Ókrýndur leiðtogi hópsins heitir Göran. Hann er einstakt gæðablóð og vill öllum gott gera. Göran trúir í einlægni á hugsjónir kommúnunnar um jafnrétti, samhug og hjálpsemi og vill ekki láta neysluhyggju og borgaraleg viðhorf afvegaleiða sig.

Kærasta Görans er Lena og samband þeirra er opið í þeim skilningi að bæði geta þau sængað hjá hverjum sem er án þess það teljist nein svik. Ekki kemur fram í myndinni að Göran nýti sér þetta frelsi en Lena nýtur þess að koma stundum við í bólinu hjá Erik sem er einhleypur.

Göran talar eins og sér þyki háttalag Lenu í lagi og hann virðist trúa því að svo sé – að sambúðarform kommúnunnar sé betra eða réttara en venjuleg sambönd þar sem framhjáald er flokkað sem svik.

Þá komum við að senunni sem ég ætla að rifja upp. Hún er snemma í myndinni. Það sést hvar Göran liggur í bólinu og heyrir lætin í ástarleikjum Lenu og Eriks í næsta herbergi. Skömmu seinna er Lena komin yfir til hans og segir honum frá því hvað hún hafi notið samfaranna við Erik. Göran talar eins og hann samgleðjist henni en í miðri setningu gerir maginn á honum uppreisn gegn því sem tunga hans talar og hann stekkur fram á það og kastar upp. Þessi uppreisn meltingarfæranna þýðir ekki að Göran hafi beinlínis skipt um skoðun. Nokkrum dögum seinna flytur Erik burt úr kommúnunni. Þegar Lena hágrætur yfir að hann sé farinn huggar Göran hana. Hann virðist enn trúá því að opið samband sé besta mál. (Seinna í myndinni áttar Göran sig svo á því að hann getur engan vegin sætt sig við hegðun Lenu.)

Ef við fylgjum hversdagslegri málvenju segjum við að þótt Göran hafi talað um opið samband eins og það væri vel ásættanlegt hafi hann verið ósáttur við það innst inni eða inn við beinið. Það passar engan veginn við venjulega merkingu orðanna að segja að þótt honum hafi orðið óglatt af að hlusta á frásögn Lenu hafi hann innst inni verið sáttur við það sem hún gerði. Við sjáum af þessu dæmi að sjálfshugtakið sem samsvarar notkun orðasambandanna *innst inni* og *inn við beinið* nær yfir eitthvað meira en skoðanir manns, meðvitaðar hugmyndir eða kenningar sem hann aðhyllist.

Það er hægt að búa til margar sögur sem eru að því leyti líkar sögunni af Göran að skoðanir sem maður hefur og álitur sannar stangast á við geðshræringar hans og líkamleg viðbrögð. Þegar við veltum svona sögum fyrir okkur virðist niðurstaðan alltaf sú sama, að geðshræringarnar séu traustari heimild um hvernig maður er inn við beinið heldur en einberar skoðanir og hugsanir sem eru sambandslausar við magann og þann hluta hugans sem er sameiginlegum mönnum og dýrum.

Í ljósi þessa getum við ef til vill svarað þeim tvenns konar efasemdum sem viðraðar voru í 1. kafla. Þetta voru efasemdir um að tal um sjálfið, eða um það hvernig einhver er innst inni, tjái nein sannindi. Ef þeir sem halda fram svona efasemdum hefðu síðasta orðið þá gæti það sem gerist í kviðarholi manns varla sett því miklar skorður hvað hægt er að segja um sjálf hans – þá hefðum við með öðrum orðum frjálst val um hvort við teldum að það sem Göran sagði eða uppreisnin sem maginn í honum gerði væri trúverðugri vitnisburður um hvað honum þótti innst inni.

Efasemdirnar áttu að sýna að munurinn á því sem er innst inni, eða inn við beinið, og því sem er það ekki, væri hreinn tilbúningur alls óháður því hvernig fólk er í raun og veru. En sagan af Göran sýnir að það er innifalið í merkingu þessara orðasambanda að þau eiga við sumt

sem bærast innra með fólki en ekki annað – í þessu tilviki geðshræringu en ekki en ekki meðvitaða skoðun.

Þessi fremur einföldu sannindi um merkingu orða hrekja bæði efasemdirnar sem voru orðaðar í 1. kafla og kenningarnar um sjálfið sem settar voru fram í 2. kafla og samsvara myndum númer 1 og 2.

En hvað þá um myndir 3 og 4? Skyldu þær vera réttar?

Áður en ég reyni að svara því ætla ég að staldra ögn lengur við söguna af Göran. Hann hélt að sér þætti opið samband vera hið besta mál en honum skjátlaðist. Skilningur hans á eigin sjálfi var takmarkaður. Senan út *Tillsammans* sýnir því ekki aðeins að geðshræringar manns vitni um hvernig hann er inn við beinið. Hún minnir líka á að ef eitthvað þessu líkt á sér stað í veruleikanum þá fær einföld hughyggja um sjálfið ekki staðist, því hún útilokar að sjálfsblekking af þessu tagi sé möguleg.

Í bók sinni *The Self and Its Emotions* ræðir Kristján Kristjánsson (2010, bls. 37) þetta vandamál einfaldrar hughyggju og rökstyður að hún geti trauðla eða ekki gert grein fyrir sjálfsblekkingu eða vanþekkingu manns á eigin sjálfi. Fleiri hafa andmælt bæði einfaldri hughyggju og fleiri kenningum sem staðsetja sjálfið eins og gert á myndum 1 og 2 á þeim forsendum að þær geti ekki gert grein fyrir muninum á sjálfsþekkingu og sjálfsblekkingu. Einn þeirra er Kanadamaðurinn David A. Jopling.

Í bókinni *Self-knowledge and the self*, sem út kom árið 2000, gefur Jopling sér að það sé (a.m.k. eitthvert) vit í hversdagslegu tali um sjálfsþekkingu og sjálfsblekkingu og að eðlilegt sé að líta svo á að sjálfið sé viðfang þekkingar og blekkingar af þessu tagi.

Þótt Jopling ræði vítt og breitt um sjálfsþekkingu og færi býsna góð rök gegn ýmsum kenningum um sjálfið á þeim forsendum að þær dugi ekki til að skýra í hverju hún er fólgin skilgreinir hann ekki nákvæmlega hvað hann á við með orðinu *sjálf* (e. *self*). Hann gerir þó lauslega grein fyrir hugtakinu í inngangi bókarinnar þar sem hann segir að það sjálf sem um ræðir séu manneskjur af holdi og blóði en ekki meðvitundin ein og sér og að sjálfið „feli í sér persónuleg einkenni, samhangandi ævisögu, miðlæg gildi og miðlægar skoðanir, langanir, tilhneigingar og geðshræringar“ (Jopling 2000, bls. 11). Af þessari greinargerð og umræðu Joplings um tengsl sjálfsins við siðferði er ljóst að sjálfshugtakið sem hann vinnur með er a.m.k. mjög líkt því hugtaki sem hér er til umræðu og vani er að vísa til með orðasamböndunum *inn við beinið* og *innst inni*.

Þótt sumir þættir sem Jopling tilgreinir í lýsingu sinni á sjálfinu, eins og miðlægar skoðanir, hljóti að vera manni sjálfum kunnir geta aðrir verið óþekktir, svo sem ýmsar tilhneigingar og persónuleg einkenni. Það er mun trúlegra að maður viti ekki fyrr en á reynir hvernig hann muni t.d. bregðast við hættu eða óvæntum aðstæðum heldur en að hann viti ekki hvað hann álfur, trúir eða telur sig vita. Greinargerð Joplings dugur því vel til að skýra hvernig sjálfsmynd manns getur verið röng eða villandi.

Lýsing Joplings á sjálfinu sneiðir hjá göllum kenninga sem ekki geta greint milli sjálfsþekkingar og sjálfsþekkingar. Hún er samt ófullkomin að mínu viti, meðal annars vegna þess að hann skýrir ekki hvaða gildi og skoðanir eru miðlæg og ekki heldur hvaða persónuleg einkenni, langanir, tilhneigingar og geðshræringar það eru sem sjálfið innifelur. Raunar virðist fremur handahófskennt hvað er inni og hvað úti. Í stuttu máli má segja að Jopling takist mun betur að rökstyðja að sjálfið sé ekki tómur hugarburður en að skýra af neinni nákvæmni hvað annað það er.

Í áður nefndri bók, *The Self and Its Emotions*, sækir Kristján ýmis rök til Joplings en gerir mun einfaldari og skýrari grein fyrir því hvers konar sannindi eru tjáð með tali um sjálfið eða um hvernig einhver er innst inni. Hann segir að geðshræringar séu ekki aðeins hluti af sjálfinu eða ein hlið þess heldur kjarni þess og eðli (Kristján Kristjánsson 2010, bls. 234).

Þetta þýðir væntanlega ekki að allar geðshræringar séu jafn miðlægar heldur eitthvað á þá leið að það hvernig maður er inn við beinið eða innst inni velti á reglulegum og lítt breytilegum tilhneigingum til geðshræringa. Það ber ekki vott um sérstaka meinbægni þótt maður sé í úfnu skapi af og til. En ef það þarf að jafnaði lítið áreiti til að hann óski náunga sínum ills af öllu hjarta þá er hann meinhorn inn við beinið.

Þessi kenning um að sjálf manns sé tilhneigingar til geðshræringa hefur sama kost og kenning Joplings, því hún rúmar greinarmun á sjálfsþekkingu og sjálfsþekkingu, en hefur það fram yfir að vera mun einfaldari. Hún virðist líka koma heim við hversdagslegan skilning á orðasamböndunum *innst inni* og *inn við beinið* eins og verður ljóst ef við hugleiðum fleiri dæmi til viðbótar við senuna úr kvikmyndinni *Tillsammans* sem lýst var hér að framan.

Hugsum okkur mann sem telur sig hafinn yfir alla kynþáttafordóma. Þegar dóttir hans byrjar með kolsvörtum strák sem á ættir að rekja til Afríku hættir manngarmurinn að geta sofið og hefur allt á hornum sér. Mundum við ekki segja að þetta bendi til að hann sé fordómafullur inn við beinið?

Hugsum okkur líka, svo enn eitt dæmi sé tekið, að maður hafi eyðilagt eitthvað, kannski beyglað bíl þegar hann var að bakka út úr stæði, ætli að laumast burtu til að sleppa við útgjöld vegna þessa, en líði illa yfir því og snúi við, skrái númerið á bílnum sem hann skemmdi, hafi upp á eigandanum og láti hann vita svo hann fái tjón sitt bætt. Er ekki nokkuð ljóst að það hvort við teljum þennan óheppna ökumann heiðarlegan inn við beinið veltur á því hvaða geðshræring það var sem fékk hann til að snúa við – hvort hún var raunverulegt samviskubit eða kannski bara hræðsla við að einhver hefði séð til hans og mundi kæra hann.

Svona dæmi benda til þess að það hvernig menn eru inn við beinið, hvernig þeir eru innst inni eins og sagt er, velti á geðshræringum þeirra – hvað vekur þeim stolt eða skömm, andúð eða samúð, tilhlökkun og kvíða, gleði og sorg o.s.frv. Nokkur dæmi geta ekki útilokað að hugtökin nái yfir fleira. Það er mjög erfitt að sýna fram á að greinargerð fyrir hugtaki segi allan sannleika um það. Hins vegar er hægt að hrekja slíka greinargerð með einu gagndæmi. Þangað til það finnst ætla ég að láta svo heita að sjálf manns sé ekkert annað en reglulegar og stöðugar eða lítt breytilegar tilhneigingar hans til geðshræringa. Þetta er ekki nákvæm skilgreining heldur aðeins lausleg drög, því ég hef ekki tilgreint hvaða tilhneigingar til geðshræringa mynda sjálfið, hvort það eru einungis þær sem vitna um gildismat manns eða hvort þær sem tengjast smekk og fegurðarskyni og jafnvel einhverjar enn aðrar skuli teljast með.

*

Geðshræringar eru gegnumgangandi í tilveru okkar með mjög sérstökum hætti. Greinargerð fyrir þeim spannar öll sviðin sem dregin eru upp á myndinni í lok 1. kafla því þær innifela í senn hugsanir og tilfinningar og breytingar vítt og breytt um líkamann (t.d. á hjartslætti, blóðstreymi, svitamyndun og spennu í vöðvum). Sumar þeirra fela líka í sér heil kenningar kerfi, hugmyndafræði og hugtök sem sækja merkingu í langa sögu. Við getum tekið þjóðarstolt sem dæmi eða trúarstyrk sem maður öðlast kannski eftir að hafa farið með bænirnar sínar. Þessi kenning um sjálfið staðsetur það því eins og sýnt er á mynd 4 fremur en mynd 3. Hún getur þrátt fyrir einfaldleika sinn samrýmst mörgum þáttum kenninga sem lýst er með myndum 1 til 3, því hún neitar ekki að sjálfið nái til sömu „staða“ og þær tilgreina heldur bætir fleiri „stöðum“ við. Mér sýnist hún t.d. vel geta innbyrt mestallt það sem Taylor segir í *Sources of the Self* um hvernig hugmyndasagan hefur runnið okkur í merg og bein.

Geðshræringar eru ekki aðeins gegnumgangandi um öll lög sálarinnar og hugmyndaheiminn eins og sýnt er á mynd 4 heldur líka í samskiptum manna og siðferði. Þær eru bæði þvers og kruss á mannlífið eins og það leggur sig.

Hvað þýðir þetta fyrir sjálfsþekkingu og sjálfsþekkingu?

4. Sjálfsþekking

Í áður nefndri bók sinni, *Self-knowledge and the self*, ræðir Jopling um sjálfsþekkingu. Meðal þess sem hann segir er að sjálfsþekking sé:

1. Nátengd siðferði manns. Sá sem býr yfir sjálfsþekkingu kvað t.d. gera sér grein fyrir eigin siðferði, stefnu sinni í lífinu og hvaða gildi skipta hann mestu máli (Jopling 2000, bls. 2).
2. Ekki sjálfgefin heldur eitthvað sem menn verða að ávinna sér (Jopling 2000, bls. 31).
3. Ólík t.d. vísindalegri þekkingu að því leyti að hún hljóti að vera, „í fyrstu persónu“ og hafa áhrif á hegðun manns (Jopling 2000, bls. 11, bls. 43–5 og bls. 63).

Tilgátan um að sjálfið sé tilhneigingar til geðshræringa samrýmist vel atriðum númer 1 og 2, a.m.k. ef gert er ráð fyrir að siðferði manns sé meðal annars í því fólgið hvað vekur honum stolt og skömm, andúð og samúð o.s.frv.

Það er ekki auðvelt að átta sig á öllu því sem Jopling segir um atriði númer 3. Kenning hans um að sjálfsþekking sé bundin sjónarhorni fyrstu persónu virðist fela í sér að sá sem hefur sjálfsþekkingu viti eitthvað um sjálfan sig sem aðrir geta ekki vitað.

Ég geri mér ekki grein fyrir hvort það er rétt sem Jopling segir að sjálfsþekking sé ólík annarri þekkingu með þessum hætti og treysti mér ekki til að fullyrða meira en að hún sé frábrugðin annarri þekkingu vegna þess hvernig hún breytir manni. Þegar maður aflar sér sjálfsþekkingar breytist sjálf hans því vitneskja um eigin geðshræringar breytir þeim, a.m.k. stundum.

Það er gömul trú að þroski manns velti meir á sjálfsþekkingu en annars konar þekkingu. Þeir fornmennt sem rituðu „þekktu sjálfan þig“ á hof Apollons í Delfí hafa sjálfsagt trú að þessu. Þessi trú er skiljanleg í ljósi þess að þroski hlýtur að vera að einhverju leyti fólgin í breytingum sem verða á manni vegna aukinnar þekkingar eða dýpri skilnings. Sjálfum þykir mér þessi trú heldur sennileg, en verð að viðurkenna að ég kann ekki að skýra hana eða rökstyðja betur en hér hefur verið gert með afar ófullkomnum hætti.

*

Þegar rætt er um sjálfsþekkingu er freistandi að hugsa sem svo að hún fjalli um mjög afmarkað efni, nefnilega innræti eins manns. En vegna þess hvernig geðshræringar eru gegnum-

gangandi í mannlífinu er þekking manns á eigin stolti og skömm, andúð sinni og samúð, tilhlökkun og kvíða og þar fram eftir götum ekki þekking á afmörkuðu sviði. Hún felur í sér víðfeðman skilning á lífinu – bæði á hugmyndaheiminum þar sem mannvitið sýslar og á kenjum líkamans. Það er hægt að auka þennan skilning með því að lesa bækur, mæta á ættarmót, spreyta sig í félagslífi og stjórnámálum, ganga á fjöll eða glíma við almættið.

Ef hugmyndasagan mótar gildismat okkar, og þar með hvað vekur okkur andúð og samúð, með svipuðum hætti og Taylor lýsir, þá virðist nær allur lærdómur geta stuðlað að sjálfsþekkingu. Ég held að það kunni því að vera rétt að túlka tal um sjálfsþekkingu svo að það lýsi vissu sjónarhorni á ýmsan lærdóm fremur en þekkingu um mjög afmarkað efni.

Í 3. kafla nefndi ég að Jopling lýsir sjálfinu svo að það „feli í sér persónuleg einkenni, samhangandi ævisögu, miðlæg gildi og miðlægar skoðanir, langanir, tilhneigingar og geðshræringar“. Ef sú tilgáta sem hér hefur verið reifuð er rétt þá er ef til vill sá sannleikskjarni í lýsingu hans að sjálfsþekking innifelur þekkingu á öllu þessu og miklu fleiru. Vera má að í henni felist nokkuð stór hluti af öllu því sem almennt er kallað viska og þroski og kannski er mestur hluti þess sem almennt er kallað heimska og hálfvitaskapur, þegar öllu er á botninn hvolft, ekkert nema sjálfsþekking.

Þakkir: Drög að þessari grein voru flutt sem fyrirlestur í námskeiðinu Málstofa í heimspeki menntunar (MEN211F) við Háskóla Íslands í janúar 2010. Ég þakka nemendum í námskeiðinu og kennurunum, þeim Kristjáni Kristjánssyni og Sigurði J. Grétarssyni, fyrir umræður, ráð og ábendingar. Einnig þakka ég nafnlausum ritrýni Hugar, Eyju Margréti Brynjarsdóttur ritstjóra Hugar og konu minni Hörpu Hreinsdóttur fyrir yfirlestur og gagnlegar athugasemdir.

Rit

- Aristóteles. (1985). *Um sálina* (íslensk þýðing Sigurjóns Björnssonar). Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Damasio, Antonio. (1999). *The Feeling of What Happens: Body, Emotion and the Making of Consciousness*. New York: Harcourt Brace.
- Gergen, Kenneth J. (2000). *The Saturated Self: Dilemmas of Identity in Contemporary Life*. New York: Basic Books.
- Jopling, David A. (2000). *Self-Knowledge and the Self*. London: Routledge.
- Kristján Kristjánsson. (2010). *The Self and Its Emotions*. New York: Cambridge University Press.
- Oakeshott, Michael. (1989). *The Voice of Liberal Learning*. New Haven; London: Yale University Press.
- Taylor, Charles. (1989). *Sources of the Self: The Making of the Modern Identity*. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.